



Alþýðusamband Íslands

Atvinnumál – umræðuskjal

Mikill viðsnúningur hefur átt sér stað í íslensku atvinnulífi undanfarin ár. Vöxtur sést í flestum atvinnugreinum, störfum hefur fjölgað og efnahagslegar áskoranir komandi missera eru fremur að sporna gegn ofhitnun hagkerfisins. Kunnugleg vandamál gera hinsvegar vart við sig en fyrirtæki eiga í auknum mæli erfitt með að ráða starfsfólk til að mæta aukinni eftirspurn. Aukinni vinnuaflseftirspurn hefur að miklu leyti verið mætt með erlendu starfsfólki undanfarin ár og sú þróun sérstaklega sýnileg í ferðapjónustu og mannvirkjagerð. Á sama tíma hefur ekki borið á sömu fjölgun starfa fyrir ungt og vel menntað vinnuafll og þrátt fyrir góðar efnahagslegar aðstæður flytjast íslendingar enn búferlum til nágrannalandanna.

Fjöldi áskorana hafa orðið til í kjölfar fjölgunar ferðamanna sem stjórnvöld hafa bæði brugðist seint og illa við en mikilvægt er að bregðast hratt við slíkum áskorunum. Til lengri tíma stendur íslenskt atvinnulíf þó frammi fyrir sömu áskorunum og heimsbyggðin öll sem meðal annars felast í að auka samkeppnishæfni og lífskjör á sama tíma og tekist er á við örar tæknibreytingar og hnattræna hlýnun.

Þörf er á ítarlegri kortlagningu íslensks vinnumarkaðar til skamms og langs tíma með það að markmiði að greina ítarlega hvar störf hverfa og verða til á vinnumarkaði. Skortur gerir reglulega vart við sig í sveiflukenndum greinum (t.d. mannvirkjagerð), á meðan viðvarandi skortur ríkir gjarnan á ákveðnum sviðum án þess að brugðist hafi verið á neinn hátt við með breytingum í menntakerfinu. Á hinn bóginn er offramboð af færni á öðrum sviðum sem kallar líka á endurskoðun í menntamálum.

Ítarleg kortlagning vinnumarkaðar gerir stjórnvöldum kleift að tryggja að stefnumótun í menntamálum, framboð menntunar og aðgerðir í atvinnumálum byggji á raunverulegum gögnum um þróun vinnumarkaðar. Með þessu móti væri vinnumarkaðurinn betur í stakk

búinn að mæta breytingum og draga úr misræmi á vinnumarkaði og stjórnvöld með betri yfirsýn fyrir aðgerðir og áherslur í atvinnustefnu.

Stuðlum að heilbrigðu atvinnulífi

Samhliða auknum umsvifum í hagkerfinu og vaxandi þenslu á vinnumarkaði fjölga gjarnan kjarasamningsbrotum af ólíkum toga. Annars vegar eru augin dæmi um launaþjófnað t.d. þar sem laun eru ekki greidd í samræmi við kjarasamninga eða ekki greitt fyrir yfirvinnu. Hinsvegar eru einnig alvarlegri dæmi um vinnumansal á vinnumarkaði þar sem launþegar búa við hrörlegar aðstæður og eru jafnvel ekki frjálsir ferða sinni. Í ferðaþjónustu er birtingarmyndin veruleg aukning á ólöglegri sjálfboðastarfsemi þar sem atvinnurekendur sækja samkeppnisforskot með því að nýta sjálfboðaliða eða starfsnema við störf. Í mannvirkjagerð birtast brotin í keðju verktaka þar sem það eru gjarnan undirverktakar sem brjóta af sér. Mikilvægt er að ábyrgðin hvíli á aðalverktaka / verkkaupa sem draga myndi úr brotastarfsemi á vinnumarkaði. Þessu til viðbótar er hættu á því að það gleymist að huga að öryggi launafólks á vinnustað í uppgangi. Nýleg skýrsla Norðurlandaráðs bendir til þess að Íslendingar séu eftirbátar hinna Norðurlandanna í öryggi starfsfólks á vinnumarkaði¹.

Heilbrigður vinnumarkaður þar sem samkeppnishæfni byggir á aukinni framleiðni en ekki kjarasamningsbrotum, félagslegum undirboðum eða skattaundanskotum er fyrirtækjum, launafólki og samfélaginu til góðs. Mikilvægt er að sporna gegn slíku og þurfa aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld að setja augin kraft í að stuðla að heilbrigðum vinnumarkaði og útrýma neikvæðum áhrifum slíkrar brotastarfsemi á vinnumarkað.

Sterkir innviðir – forsenda byggðar og atvinnu

Sterkir innviðir, sbr. samgöngu-, fjarskipta- og raforkukerfi, eru meginforsenda sterkrar byggðar og blómlegs atvinnulífs um land allt. Uppbygging þessara innviða verður að þróast í takt við aukinn mannfjölda og vöxt efnahagslífs ásamt því að þróast í takt við auknar kröfur um tækni, samkeppnishæfni, öryggi og umhverfisvernd.

¹ Sjá nánar <https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:912427/FULLTEXT01.pdf>

Ferðapjónustan hefur aukið álag víða í samfélaginu t.d. á samgöngumannvirkjum, í heilbrigðisþjónustu og lög- og björgunargæslu sem lítið hefur verið brugðist við. Opinber fjárfesting í samgöngumannvirkjum hefur um nokkurt skeið verið í sögulegum lægðum og leita þarf aftur til ársins 1998 til að finna minni fjárfestingu hins opinbera í vegum og brúm og því ljóst að fjárfesting undanfarinna ára hefur á engan hátt tekið tillit til aukinnar bílaumferðar, mannfjöldaaukningar né fjölgunar ferðamanna.

Vinumarkaður – áskoranir og tækifæri

Gríðarlegar framfarir upplýsingatækni, gervigreind og á fleiri sviðum munu hafa mikil áhrif á umhverfi launafólks og atvinnulífs á næstu árum. Mikilvægt er að áframhaldandi stuðningur verði við nýsköpun í atvinnulífinu með framlögum í samkeppnissjóði og að skýrir hvatar séu fyrir atvinnulífið að stunda rannsóknir, þróun og nýsköpun. Tryggja þarf að efnahagslegir hvatar og bein fjármögnun nýtist fjölbreyttum fyrirtækjum, í ólíkum atvinnugreinum um land allt.

Ásamt tækifærum verða til stórar áskoranir. Þær munu meðal annars felast í aukinni sjálfvirkni, þar sem hætta er á því að fleiri störf tapist heldur en verði til. Misræmi gæti því orðið viðvarandi vandamál þar sem eftirspurn eftir ákveðinni færni gæti horfið í einu vetfangi. Í nýlega útkominni skýrslu World Economic Forum, *Framtíð starfa*² er því spáð að til ársins 2020 geti 7,1 milljón starfa tapast vegna tækniframfara á meðan einungis 2 milljón störf verða til. Í skýrslunni er meðal annars bent á að 65% af börnum sem eru að byrja sitt grunnskólanám muni enda með að vinna störf sem í dag eru ekki til. Í skýrslunni segir ennfremur „*Til að koma í veg fyrir verstu sviðsmyndina – þ.e. að tækniframfarir leiði til holskeflu atvinnuleysis og vaxandi ójöfnuð – mun endurmenntun og bætt færni vinnuafls verða nauðsynleg*“. Þróunin sýnir að menntakerfið mun þurfa að bregðast hraðar við breyttu landslagi heldur en nokkru sinni fyrr þar sem ekki einungis þurfi að mennta börn, heldur verður mikilvægi fullorðins fræðslu, símenntunar og innleiðingar nýrrar færni mikilvægara en áður og yfir alla starfsævi.

² The Future of Jobs, 2016, <http://www.weforum.org/reports/the-future-of-jobs>

Aukum gæði í ferðapjónustu

Árið 2012 hafði fjölgun ferðamanna verið sýnileg um nokkurt skeið, ferðamönnum fjölgaði um fimmtung milli ára og alls heimsóttu um 700 þúsund ferðamenn Ísland það ár. Um svipað leyti kom út umfangsmikil skýrsla Boston Consulting Group³ um íslenska ferðapjónustu þar sem spáð var að fjöldi ferðamanna geti aukist enn frekar og verið orðinn um 1,5 milljónir árið 2023. Í skýrslunni mátti jafnframt finna ábendingar til stjórnvalda um að efla náttúruvernd, draga úr árstíðarsveiflu og koma á gjaldtöku. Jafnframt töldu skýrsluhöfundar mikilvægt að auka eyðslu og virði ferðamanna fremur en einungis fjölgun þeirra og í því samhengi nefndu þeir að til lengri tíma ætti að stefna að heimsóknum 1,2 – 1,5 milljónum erlendra ferðamanna.

Frá þeim tíma hefur fjölgun ferðamanna verið langt umfram bjartsýnar spár skýrsluhöfunda og stjórnvöld brugðist lítið og seint við. Alls heimsóttu 1,3 milljónir ferðamanna Ísland á síðasta ári og útlit er fyrir að fjöldinn á þessu ári fari yfir 1,7 milljónir. Ekki hefur tekist að koma á raunverulegri gjaldheimtu, erfitt hefur reynst að fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir á vinsælum ferðamannastöðum.

Jafnframt vantar aðgerðir til að mæta aukinni vinnuafleiftirspurn í ferðapjónustu en fyrirtæki þar eiga í auknum mæli erfitt með að ráða starfsfólk. Samkvæmt könnun Stjórnstöðvar ferðamála⁴ eiga fyrirtæki í mestum vanda með að manna störf í ræstingum og störf matreiðslumanna, leiðsögumanna og ökumanna með meirapróf.

Sterkara gengi krónunnar gerir það að verkum að ferðapjónustan þarf að laga sig að breyttum áherslum og leggja enn frekari áherslu hágæða ferðapjónustu ásamt því að auka eyðslu og virði ferðamanna líkt og bent var á í skýrslu BCG. Slíkt kallar á aukna þjálfun starfsfólks, lengri starfsaldur og hærri laun í greininni en líkt og OECD hefur bent á eru starfsmenn í ferðapjónustu líklegri til að vera ráðnir tímabundið, vera með stuttan starfsaldur og lægri laun en í öðrum greinum⁵. Ísland á ekki að stefna að því að því að vera ódýr áfangastaður sem byggir á massatúrisma heldur leggja höfuðáherslu á gæði í ferðapjónustu. Því þarf að setja þarf hæfni og fagmennsku í forgrunn og tryggja að starfsfólk í

³ Sjá nánar <http://www.visir.is/ferdathjonusta-her-a-landi-a-krossgotum/article/2013709119937>

⁴ Sjá nánar <http://stjornstodin.is/calendar-event/konnun-a-mannafla-og-frasluorf>

⁵ Sjá nánar skýrslu OECD, „Supporting quality jobs in tourism“, 2015.

greininni hafi aðgang að þekkingu, fræðslu og menntun. Með þessu móti verður til aukið virði og hærri laun í greininni og greinin í betri stöðu til að takast á við sveiflur í gengi og breytingar á fjölda ferðamanna.

Landbúnaður – tækifæri til sóknar

Búvörusamningarnir sem undirritaðir voru snemma á þessu ári hafa hlotið mikla gagnrýni. Fyrst og fremst hafa þeir verið gagnrýndir fyrir að festa í sessi óbreytt kerfi til 10 ára en einnig hefur samráðsleysi hlotið harða gagnrýni. Núverandi landbúnaðarkerfi byggir á mikilli tollvernd og einokun á innanlandsmarkaði án þess að ábati skili sér til framleiðenda og neytenda. Kjör bænda teljast lök og mikilvæg samkeppni er ekki til staðar til að stuðla að hagræðingu, nýsköpun, vöruþróun og lágu matvælavæði. Kerfið hefur heldur ekki stuðlað að byggð þar sem veruleg samþjöppun hefur orðið (t.d. mjólkurframleiðslu), þar sem búum hefur fækkað, þau stækkað og safnast að mestu leyti á þrjú svæði (þ.e. Eyjafjörð, Skagafjörð og Suðurland). Slíkri samþjöppun fylgir aukin framleiðni en skortur á samkeppni og einokun gerir það að verðum að neytendur njóti ekki góðs af aukinni framleiðni og virðisauka í greininni.

Skoða þarf nýjar leiðir í landbúnaði með það að markmiði að efla íslenskan landbúnað, auka samkeppnishæfni og skapa tækifæri til útflutnings. Leita þarf leiða til að draga úr tollvernd ásamt því að semja um tollfrjálsan útflutning fyrir íslenskar vörur á öðrum mörkuðum. Með þessu móti skapast ekki einungis ábati neytenda heldur skapast einnig tækifæri fyrir innlenda framleiðendur á erlendum mörkuðum.

Sjávarútvegur – nýtur þjóðin auðlindaarðsins?

Núverandi fyrirkomulag í sjávarútvegi (kvótakerfið) stuðlar í meginatriðum að sjálfbærri sókn í leyfilegan heildarkvóta. Stjórnvöld fara með eignarréttinn yfir auðlindinni í umboði þjóðarinnar sem þýðir m.a. að þeim ber að ákveða heildarkvóta út frá vísindalegum niðurstöðum um afkomu stofna og tryggja þjóðinni hlutdeild í auðlindaarði. Mikil arðsemi hefur verið í sjávarútvegi undanfarin ár á sama tíma og veiðigjöld hafa farið lækkandi. Mikilvægt er að sátt náist um fiskveiðistjórnunarkerfið en núverandi kerfi hefur reynst

mörgum byggðum illa ásamt því að hávær krafa er um að sjávarútvegur skili ásættanlegu auðlindagjaldi.

Horfa þarf til reynslu annarra ríkja af uppboðum á aflaheimildum og kanna hvort slík leið skili hærri auðlindaarði til þjóðarinnar ásamt því að ná markmiðum um hagkvæma nýtingu auðlindarinnar. Má þar benda á uppboð Færeyinga á aflaheimildum í deilistofnum og fjarlægum miðum. Þó ber að stíga varlega til jarðar í þessum efnum á Íslandi og þyrftu uppboð byggja á markmiðum um auðlindaarð, hagkvæma nýtingu auk sjónarmiða um byggð og atvinnuöryggi. Tryggja verður að sjómenn og fiskverkafólk verði ekki látið greiða fyrir hærri auðlindagjöld með lakari starfskjörum.

Mannvirkjagerð

Mannvirkjagerð hefur óðum verið að færast í eðlileg horf undanfarin ár eftir miklar sveiflur í greininni síðasta áratug. Sveiflur í efnahagslífinu hafa áhrif á þróun í mannvirkjagerð og hafa sveiflur í nýbyggingum verið miklar. Sveiflur í greininni hafa veruleg áhrif á húsnæðisverð ásamt því að hafa áhrif á launafólk í greininni. Hrun á húsnæðismarkaði olli því að nýbyggingar stöðvuðust á árunum 2008-2014 og fluttist fjöldi iðnaðarmanna og starfsmanna í mannvirkjagerð búferlum á meðan aðrir hurfu úr greininni. Nú þegar viðsnúningur hefur orðið í íbúðabyggingum og fjárfestingum atvinnuveganna gerir skortur á vinnuafl vart við sig ásamt því að erfiðlega hefur tekist að laða reynslumikið vinnuafl aftur til Íslands.

Erlendu vinnuafl hefur fjölgað í greininni, bæði einstaklingum sem hingað hafa flust búferlum auk fjölda tímabundinna starfsmanna. Tryggja þarf að þeir einstaklingar fái fræðslu um íslenskan vinnumarkaði og koma þarf í veg fyrir að félagsleg undirboð, launþjófnaður og bág starfsskilyrði líðist.